

Anheuser-Busch hf. gegn Portúgal

Dómur frá 11. október 2005

Mál nr. 73049/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Lögmætar væntingar. Vörumerki.

1. Málsatvik

Kærandi er Anheuser-Busch hf., bandarískt hlutafélag með skráða starfsstöð í St. Louis í Bandaríkjunum. Það framleiðir bjór og selur undir vörumerkinu „Budweiser“ víða um heim.

Árið 1981 óskaði fyrirtækið eftir því við Einkaleyfastofu í Portúgal að vörumerkið „Budweiser“ yrði skráð. Stofan varð þó ekki við beiðninni strax þar sem vörumerkið „Budweiser Bier“ hafði þegar verið skráð af hálfu tékknesks fyrirtækis, Budejovicky Budvar. Árið 1989 höfðaði kærandi mál þar sem krafist var ógildingar vörumerkjaréttar Budejovicky Budvar og var á það fallist árið 1995. Skráði Einkaleyfastofan í kjölfarið vörumerkið „Budweiser“. Hið tékkneska fyrirtæki áfrýjaði dómi undirréttar um ógildingu vörumerkis þess og byggði á tvíhliða samningi Portúgal og Tékklands (þá Tékkóslóvakíu) frá 1986 sem tekið hafði gildi 1987 um vernd skráðra upprunamerkja. Undirréttur féllst ekki á kröfu hins tékkneska fyrirtækis, en áfrýjunarréttur sneri við dómi undirréttar og fyrirskipaði Einkaleyfastofu að hafna skráningu „Budweiser“ sem vörumerkis. Kærandi áfrýjaði til yfirréttar sem vísaði áfrýjuninni frá árið 2001 á þeim grundvelli að vörumerkið „Ceskebudejovicky Budvar“ sem útlagðist Budweis eða Budweiss á þýsku nyti verndar umrædds tvíhliða samnings Þýskalands og Tékklands. Var skráningu „Budweiser“ sem vörumerkis því vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að milliríkjasamningurinn frá 1986 hefði brotið gegn friðhelgi eignarréttar fyrirtækisins skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans þar sem hann hefði tekið gildi eftir að kærandi sótti um skráningu „Budweiser“ sem vörumerkis. Byggði kærandi á því að réttur til verndar vörumerkis stofnaðist þegar umsókn um skráningu þess væri lögð fram. Hefði hann því verið sviptur þeim rétti án þess að bætur hefðu komið fyrir og án þess að almannahagsmunir hefðu legið þeirri ákvörðun til grundvallar að vernda skráð upprunavörumerki á grundvelli milliríkjasamnings Portúgal og Tékklands.

Niðurstaða

Dómstóllinn byggði á því að hugverkaréttur nyti ótvírætt verndar skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Sú spurning lá fyrir dómstólnum að meta nákvæmlega hvenær réttur til verndar vörumerkis telst verða eign í skilningi ákvæðisins.

Fram kom að kærandi, sem var með heimsþekkt vörumerki, hefði óhjákvæmilega fjárhagslega hagsmuni af skráningu vörumerkisins. Dómstóllinn leit til þess að samkvæmt portúgölskum lögum hefði allt frá árinu 1995 verið unnt að krefjast skaðabóta vegna tjóns af völdum ólögmætrar og sviksamlegrar notkunar þriðja aðila á vörumerki sem sótt hefði verið um skráningu á. Þá hefði sá aðili forgang til skráningar vörumerkis sem fyrr setti fram umsókn um skráningu þess. Þrátt fyrir að þessi sjónarmið styddu það að kærandi hefði öðlast kröfu til ákveðinna fjárhagslegra hagsmuna sem notið gætu lagaverndar taldi dómstóllinn stöðu kæranda ekki nægilega sterka til þess að hann teldist geta haft lögmætar væntingar til eignar sem gerði vernd 1. gr. 1. viðauka sáttmálans virka. Vísaði dómstóllinn til þess að kærandi gat ekki verið viss um að njóta vörumerkjaréttarins fyrr en eftir að vörumerkið hefði verið endanlega skráð og eftir að ljóst var að skráningin sætti ekki andmælum þriðja aðila. Réttur kæranda var því skilyrtur og féll niður afturvirkur eftir að í ljós kom að skráning merkisins braut gegn rétti þriðja aðila. Taldi dómstóllinn að ákvæði portúgalskra laga þess efnis að mótmæla mætti skráningu vörumerkis innan þriggja mánaða frá skráningu þess skýrt, nákvæmt og sanngjarnt. Af þessu leiddi að mati dómstólsins að kæranda mátti vera ljóst að mögulegt væri að beiðni hans um skráningu yrði hafnað af portúgölskum stjórnvöldum, sérstaklega þar sem umræddur samningur

Portúgals og Tékklands hafði verið í gildi í tvö og hálft ár þegar kærandi krafðist ógildingar skráningar upprunavörumerkis hins tékkneska fyrirtækis.

Að lokum kom fram í niðurstöðu dómstólsins að þrátt fyrir að ljóst væri að vörumerki teldist í sjálfu sér eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans væri þó ekki svo fyrir en skráningu væri að fullu lokið í samræmi við þau lög og reglur sem í hverju landi gilda. Fram að þeim tíma hefðu umsækjendur vissulega von um að öðlast slíkan eignarrétt en ekki lögmætar væntingar sem nytu réttarverndar. Í því sambandi skipti það ekki máli að umræddur milliríkjasamningur frá 1986 hafði tekið gildi eftir að kærandi óskaði eftir skráningu vörumerkisins „Budweiser“, enda átti kærandi ekki eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka þegar samningurinn tók gildi þann 7. mars 1987.

Var það því niðurstaða dómstólsins að 1. gr. 1. viðauka ætti ekki við í máli kæranda og hafði því ekki verið brotin.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.